

Mánudaginn 13. janúar 1992.

Nr. 56/1989. **Protabú Töggs hf.**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Hönnu Elíasdóttur

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1989 og gerir eftirfarandi dómkröfur:

„1. Að rift verði með dómi greiðslu stefndu til Töggs hf. á sex víxlum, að nafnverði kr. 1.000.000,-, með gjalddögum 22.12.1985 og 22.11.1986, með skuldabréfi að sömu fjárhæð, út gefnu 15. júní 1987 af Ingvari Sveinssyni, Hegranesi 22, Garðabæ, eiginmanni stefndu, með 20% ársvöxtum til þriggja ára, í fyrsta sinn 15. júní 1988.

2. Að stefnda verði dæmd til að greiða áfrýjanda kr. 1.000.000,- með 45% ársvöxtum af kr. 500.000,- frá 22. desember 1985 til 1. mars 1986, en frá þeim degi með 33% ársvöxtum til 1. apríl 1986, en frá þeim degi með 27% ársvöxtum til 22. nóvember 1986, en frá þeim degi með sömu vöxtum af kr. 1.000.000,- til 1. mars 1987, en frá þeim degi með 30% ársvöxtum til 1. júní 1987, en frá þeim degi með 33,6% ársvöxtum til 1. júlí 1987, en frá þeim degi með 36% ársvöxtum til 1. ágúst 1987, en frá þeim degi með 40,8% ársvöxtum til 1. september 1987, en frá þeim degi með 42% ársvöxtum til 1. október 1987, en frá þeim degi með 43,2% ársvöxtum til 1. nóvember 1987, en frá þeim degi með 45,6% ársvöxtum til 1. desember 1987, en frá þeim degi með 49,2% ársvöxtum til 15.12.1987, frá þeim degi til greiðsludags með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Enn fremur er þess krafist, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 22. nóvember 1988, og að ársvextir verði reiknaðir af þannig uppfærðum höfuðstól.

3. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.“

Stefnda krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Er bú Töggs hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 16. júní 1987, voru stefnda og eiginmaður hennar, Ingvar Sveinsson, í stjórn félagsins. Samkvæmt endurriti úr Hlutaafélagaskrá 10. janúar 1992 hafði svo verið frá fundi í félaginu 30. mars 1985. Var Ingvar á þessu tímabili formaður stjórnar þess og framkvæmdastjóri, en stefnda meðstjórnandi.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var hinn 15. júní 1987 felld niður skuld stefndu við Tögg hf. samkvæmt sex víxlum, er samþykktir voru af henni til greiðslu á gjalddögum í desember 1985 og nóvember 1986, samtals að fjárhæð 1.000.000 króna. Þetta gerðist á síðasta degi greiðslustöðvunar, sem staðið hafði frá 2. febrúar 1987, en degi áður en bú Töggs hf. var tekið til gjaldþrotaskipta. Í stað víxlanna kom skuldabréf, út gefið samdægurs af Ingvari Sveinssyni, að fjárhæð 2.000.000 króna, en það var jafnframt til greiðslu á nákvæmlega eins skuld hans við Tögg hf., sem felld var niður samtímis. Skuldabréf þetta var til þriggja ára. Það var ekki verðtryggt, en með hæstu lögleyfðu vöxtum frá útgáfudegi. Skuldabréfið var ekki tryggt með veði, og engir ábyrgðarmenn voru á því. Með umræddri ráðstöfun voru jafnframt felldir niður dráttarvextir af skuldinni frá gjalddögum víxlanna.

Þessi háttur á skuldaskilum stefndu við Tögg hf. var henni bersýnilega mjög til hagsbóta, en braut jafnframt í bága við hagsmuni áfrýjanda, þar sem hann hafði í för með sér, að gjaldfallnar kröfur voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum, er bú Töggs hf. hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Ráðstöfun þessi var því, eins og á stóð, ótilhlýðileg, og mátti stefndu vera það ljóst, þar sem hún hafði um áráðil átt sæti í stjórn hlutaafélagsins og átti að vita gjörlla um mjög erfiða fjárhagsstöðu þess, er hér var komið. Að svo vöxnu máli ber með vísan til 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem áfrýjandi byggir m.a. á riftunarkröfu sína, sbr. 2. mgr. 59. gr. sömu laga, að taka til greina kröfu áfrýjanda um riftun á greiðslu framangreindrar víxilskuldar með umræddu skuldabréfi.

Áfrýjandi krefst greiðslu upphaflegu skuldarinnar með vöxtum frá gjalddögum víxlanna. Af riftuninni leiðir, að lagaskilyrði eru til þess, að áfrýjandi komi fram fjárkröfu sinni í málinu, og ber að taka hana til greina með vöxtum. eins og krafist er.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn samtals 150.000 krónur. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Framangreindri greiðslu á skuld stefndu, Hönnu Elíasdóttur, við áfrýjanda, þrotabú Töggs hf., er rift.

Stefnda greiði áfrýjanda 1.000.000 króna með ársvöxtum eins og hér greinir: 45% af 500.000 krónum frá 22. desember 1985 til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% frá þeim degi til 22. nóvember s.á., 27% af 1.000.000 króna frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Vexti má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 22. nóvember 1988.

Stefnda greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 2. desember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. október 1988, hefur Skarphéðinn Þórisson hrl. sem skiptastjóri þrotabús Töggs hf., nnr. 8959-1902, Bildshöfða 16, Reykjavík, höfðað fyrir hönd búsins með stefnu, birtri 7. desember 1987, á hendur Hönnu Elíasdóttur, nnr. 3698-6190, Hegranesi 22, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

„1. að rift verði með dómi greiðslu stefndu til stefnanda á sex víxlum, að nafnverði 1.000.000 kr., með gjalddögum 22.12.1985 og 22.11.1986, með skuldabréfi að sömu fjárhæð, út gefnu 15. júní 1987 af Ingvari Sveinsyni, Hegranesi 22, Garðabæ, eiginmanni stefndu, með föstum 20% ársvöxtum til þriggja ára, í fyrsta sinn 15. júní 1988,

2. að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 1.000.000 með [nánar tilgreindum vöxtum].

3. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ“.

Af hálfu stefndu eru þessar dómkröfur gerðar:

1. að stefnda verði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda,

2. að verði sýknukrafan ekki tekin til greina, verði dráttarvaxtakrafan felld niður aðallega eða dráttarvextir verulega lækkaðir og upphafstími dráttarvaxta miðaður við þau tímamörk, sem stefnandi leysti að nýju til sín víxla þá, er í málinu getur,

3. að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Sáttatilraunir dómsins báru eigi árangur.

II.

Stefnandi kveður málavexti þá, að 16. júní 1987 hafi bú Töggs hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík. Áður hafi félagið átt í miklum greiðsluferfiðleikum, og hafi því verið veitt heimild til greiðslustöðvunar með úrskurði borgarfógetaembættisins 2.2.1987 í þrjá mánuði, og hafi sá frestur tvisvar verið framlengdur og runnið út 15.6.1987.

Á síðasta degi greiðslustöðvunarinnar, 15.6.1987, daginn fyrir gjaldþrotaúrskurð Töggs hf., hafi stefnda greitt Töggi hf. gjaldfallna víxla, samtals að nafnvirði 1.000.000 kr., frá árunum 1985 og 1986, samþykkt af stefndu sjálfri, með skuldabréfi til þriggja ára með föstum 20% ársvöxtum með fyrsta gjalddaga 15. júní 1988. Skuldabréf þetta sé út gefið af eiginmanni stefndu, Ingvari Sveinssyni, þáverandi forstjóra Töggs hf. Bréfið sjálft sé að fjárhæð 2.000.000 kr., en helmingur þess hafi verið notaður til að greiða sambærilega skuld eiginmanns stefndu við Tögg hf. Uppgjör vegna þessa sé að finna í bókhaldi Töggs hf. á fylgiskjali 1504/1987.

Víxlar þeir, sem stefnda hafi greitt á þennan hátt, sundurliðist þannig:

1. Vixill pr. 22.12.1985	kr.	125.000
2. Vixill pr. 22.12.1985	—	125.000
3. Vixill pr. 22.12.1985	—	250.000
4. Vixill pr. 22.11.1986	—	125.000
5. Vixill pr. 22.11.1986	—	125.000
6. Vixill pr. 22.11.1986	—	250.000
		Kr. 1.000.000

Stefnandi kveður víxla þá, er stefnda hafi greitt á þennan hátt, vera til komna vegna ógreidds hlutafjárloforðs stefndu til Töggs hf.

Í skýrslu endurskoðunarskrifstofunnar Hyggis hf. segir um þessa víxla, að þeir séu til komnir vegna aukningar hlutafjár í félaginu á árinu 1985.

Þeir hafi verið endursendir frá Sjóvá og e.t.v. fleiri viðskiptamönnum og þá færðir í bókhaldinu aftur sem víxileign, en áfallinn kostnaður færður til skuldar á viðskiptareikning Ingvars Sveinssonar.

Af hálfu stefndu var málavöxtum ekki lýst sérstaklega og ekki gerðar athugasemdir við framangreinda málavaxtalýsingu stefnanda.

III.

Af hálfu stefnanda er málsókn á því reist, að greiðsla stefndu til Töggs hf. með skuldabréfi vegna áðurgreindra víxla hafi verið ólögsmæt, greiðslueyrir óvenjulegur og greiðslan ekki venjuleg eftir atvikum, sbr. 54. gr. 1. nr. 6/1987. Því er jafnframt haldið fram, að rifta meggi greiðslu þessari á grundvelli 61. gr. 1. nr. 61/1978, þar sem ráðstöfun þessi hafi á ótilhlýðilegan hátt verið kröfuhafa, þ.e. stefndu, til hagsbóta á kostnað annarra eða leitt til þess, að eignir þrotamanns hafi ekki verið til reiðu til fullnustu öðrum kröfuhöfum. Þá hafi greiðslan farið fram, meðan greiðslustöðvun stóð yfir. Á grundvelli 62. gr. gþl. sé því krafist, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda ofangreinda kröfu, þar sem hún hafi ekki fengist til að greiða hana þrátt fyrir áskorun þar að lútandi.

Í greinargerð stefnanda segir, að aðallega sé byggt á 8. gr. gþl., 54. gr., 1. tl., sömu laga, sbr. 62. gr. laganna, og sjálfstætt á 61. gr., sbr. 63. gr. laganna.

Af hálfu stefndu eru dómkröfur á því reistar, að athafnir hennar hafi ekki brotið í bága við lög nr. 6/1978, 54., 61., 62. og 63. gr. Ráðstöfun stefndu hafi ekki ráðið úrslitum um gjaldfærni stefnanda, og ekki hafi verið um óvenjulegan greiðslueyri að ræða. Greiðslan í þessu máli hafi ekki verið á kostnað annarra, þar sem skuldabréfið, sem var til greiðslu víxlanna, beri hæstu lögleyfða vexti og tímalengd skuldabréfsins sé eðlileg.

Varðandi vaxtakröfuna sé þess að gæta, að samkvæmt bréfi endurskoðandans á dskj. nr. 6, lið 3, komi ekki fram, hvort þar sé um að ræða innlausnardaga stefnanda í víxlunum frá viðskiptamönnum hans eða hvort þar sé um að ræða upphaflegan gjalddaga víxlanna. En í tilvitnuðu bréfi í dskj. nr. 6 komi fram, að kostnaður vegna víxlanna miðað við innlausnardag hafi verið færður á viðskiptareikning Ingvars Sveinssonar.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram til styrktar sýknukröfu af lögmanni stefndu, að þær lagagreinar, sem stefnandi byggir á í málinu, eigi ekki við, þar sem búið sé hér ekki skuldari og ekki sé um neinar greiðslur af þess hálfu að ræða. Hér sé hins vegar verið að greiða búinu af hálfu aðila, er skuldi því.

Niðurstaða dómsins.

Eins og áður er getið, reisir stefnandi málsókn sína á 8. gr., 1. mgr. 54. gr., sbr. 62. gr., og 61. gr., sbr. 63. gr. gjaldþrotalaga nr. 6, 1978.

Samkvæmt 8. gr. gþl. er skuldara óskyldt og óheimilt að greiða gjald-

fallnar skuldir á greiðslustöðvunartíma eða stofna til verulegra skuldbindinga o.s.frv.

Samkvæmt 1. mgr. 54. gr. gþl. má krefjast riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var, eða greidd var fjárhæð, sem úrslitum réð um gjaldfærni þrotamanns, nema greiðslan hafi verið venjuleg eftir atvikum.

Í máli þessu hefur engin greiðsla verið innt af hendi af hálfu Töggs hf. eða verið stofnað til nýrra skuldbindinga í skilningi 8. gr. gþl. Töggur hf. hefur hér stöðu kröfuhafa, en stefnda kröfu skuldara gagnstætt því, sem tilvitnaðar lagagreinar, 8. gr. og 1. mgr. 54. gr. gþl., gera ráð fyrir. Þessar lagagreinar taka því ekki til þessa álitaefnis, og verða kröfur stefnanda því ekki teknar til greina af þessum ástæðum.

Samkvæmt 61. gr. gþl. má krefjast riftunar ráðstafana, sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra eða leiða til þess, að eignir þrotamanns verða ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiða til skuldaaukningar þeim til tjóns, ef þrotamaður var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og ef sá, sem hafði hag af ráðstöfuninni, vissi eða mátti vita um ógjaldfærni skuldara og þær aðstæður, sem leiddu til þess, að ráðstöfunin var ótilhlýðileg.

Dómurinn telur ofangreind lagaákvæði ekki taka til þess álitaefnis, sem mál þetta fjallar um. Í fyrsta lagi var þessi ráðstöfun ekki einum kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, þar sem stefnda er ekki kröfufhafi í skilningi greinarinnar. Í öðru lagi varð stefnandi ekki ógjaldfær vegna ráðstöfunarinnar. Í þriðja lagi leiddi ráðstöfunin ekki til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns. Í fjórða lagi leiddi ráðstöfunin ekki til þess, að eignir stefnanda voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum í skilningi 61. gr. gþl., enda þótt samið hafi verið um nýjan greiðslufrest og vöxtum frá eindaga víxlanna sleppt. Niðurstaða dómsins er því sú, að stefnukrafa stefnanda verður ekki tekin til greina af þessum ástæðum.

Niðurstaða dómsins er því sú samkvæmt framansögðu og þar sem stefnandi byggir málsókn sína einvörðungu á áðurgreindum lagaákvæðum, að sýkna ber stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum og með hliðsjón af kröfugerð stefndu þykir rétt að ákveða, að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómara.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Hanna Elíasdóttir, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, þrotabús Töggs hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.